

Samruni Hampiðjunnar og Mørenot

I. Samantekt

- Samkeppniseftirlitið hefur tekið afstöðu til kaupa Hampiðjunnar hf. („Hampiðjan“) á öllu útgefnu hlutafé í félaginu Holding Cage I AS, sem er móðurfélag Mørenot samstæðunnar („Mørenot“). Samruninn var tilkynntur með fullnægjandi hætti þann 12. desember 2022 og hófust lögbundnir frestir þá að líða. Rannsókninni lauk á fyrsta fasa þann 18. janúar 2023, með ákvörðun um að aðhafast ekki vegna samrunans. Í ákvörðun þessari er gerð nánari grein fyrir samrunanum og forsendum ákvörðunarinnar.
- Í aðdraganda samrunatilkynningar áttu Samkeppniseftirlitið og samrunaaðilar forviðræður að þeirra ósk. Samruninn var einnig tilkynntur í Færeyjum, auk þess sem samrunaaðilar starfa báðir í Noregi og á Grænlandi. Átti Samkeppniseftirlitið í samskiptum við samkeppniseftirlit þessara landa við rannsókn málsins.
- Samrunaaðilar starfa að meginstefnu til við framleiðslu, sölu og þjónustu á veiðarfærum og sjókvím. Um er ræða alþjóðleg fyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Upplýsingar sem samrunaaðilar veittu í samrunatilkynningu gáfu tilefni til athugunar á því hvort endurskoða bæri fyrri nálgun í skilgreiningum á viðkomandi mörkuðum og samkeppnisleg áhrif á þeim.
- Aflað var sjónarmiða og upplýsinga frá viðskiptavinum og keppinautum sem gáfu ekki til kynna skaðleg áhrif samrunans. Jafnframt gáfu upplýsingar til kynna að miða mætti áfram við sömu skilgreiningar vöru- og þjónustumarkaða og í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins, með ákveðnum fyrirvörum. Aftur á móti gáfu sömu upplýsingarnar til kynna að landfræðilegir markaðir málsins væru þrengri en áður hefur verið miðað við og miða ætti frekar við landið allt eða jafnvel staðbundna markaði.
- Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins á samkeppnislegum áhrifum samrunans var sú fyrirliggjandi gögn og upplýsingar sem aflað hefði verið gæfu til kynna að samkeppnisaðstæður og áhrif samrunans væru ekki með þeim hætti að tilefni væri til íhlutunar vegna viðskiptanna. Þannig eru áhrif samrunans takmörkuð hér á landi, kaupendastyrkur útgerðafyrirtækja nokkur og erlent samkeppnislegt aðhald til staðar upp að vissu marki.
- Þó verði staða samrunaaðila sterk eftir samrunann á tilteknum skilgreindum mörkuðum og í afmörkuðum tegundum veiðarfæra sem gefi vísbendingu um að möguleg frekari samþjöppun á veiðarfæramörkuðum kunni að verða tilefni ítarlegrar skoðunar hjá samkeppnisyfirlitum í framtíðar samrunaefirliti.



II. Málsmeðferð

7. Áður en samrunatilkynning barst áttu samrunaaðilar og Samkeppniseftirlitið í samskiptum í aðdraganda tilkynningar um samruna, sbr. 4. gr. reglna nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Hófst þær forviðræður í október 2022 og héldu áfram nokkuð reglulega fram að tilkynningu.
8. Þann 28. nóvember 2022 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning frá samrunaaðilum.
9. Með tölvupósti Samkeppniseftirlitsins þann 5. desember 2022 var samrunaaðilum tilkynnt um að samrunatilkynning væri ófullnægjandi vegna skorts á tilteknum upplýsingum.
10. Þann 12. desember 2022 heimsóttu fulltrúar Samkeppniseftirlitsins höfuðstöðvar Hampiðjunnar. Þar áttu þeir fund með fulltrúum Hampiðjunnar og fengu frekari kynningu á starfseminni og samrunanum.
11. Uppfærð og fullnægjandi samrunatilkynning frá samrunaaðilum barst Samkeppniseftirlitinu þann 13. desember 2022.
12. Þann 15. desember 2022 var samrunaaðilum tilkynnt að samrunaskrá teldist fullnægjandi og tímafrestir samkvæmt ákvæði 17. gr. d. samkeppnislaga nr. 44/2005 byrjaðir að líða. Fyrsti fasi samrunaefirlits var því til og með 18. janúar 2023.
13. Þann 22. desember 2022 var sjö keppinautum¹ og sextán viðskiptavinum² Hampiðjunnar send umsagnar- og upplýsingabeidni. Dagana 9. janúar til 17. janúar 2023 bárust svör við áður nefndri umsagnar- og upplýsingabeidni. Var Samkeppniseftirlitið í tíðu sambandi við marga af framangreindum hagaðilum til afla gagnanna og lauk öflun þeirra þann 17. janúar 2023.
14. Þann 18. janúar 2023 kynnti Samkeppniseftirlitið Hampiðjuni þá ákvörðun sína að með tilliti til þeirra upplýsinga og gagna sem samrunaaðilar hefðu veitt með því að nýta forviðræður og síðan með ítarlegri samrunaskrá, og þeirra gagna og umsagna sem Samkeppniseftirlitið hefði sjálft aflað, teldi eftirlitið ekki tilefni til þess að rannsaka frekar samruna Hampiðjunnar og Mørenot. Væru því ekki forsendur til þess að hafast frekar í máli þessu. Forsendur ákvörðunarinnar yrðu birtar með sérstakri ákvörðun, þegar hún væri tilbúin.
15. Þess ber að geta að allt frá upphafi málsins hefur Samkeppniseftirlitið verið í samskiptum við færeysk og norsk samkeppnisyfirvöld. Hafa þau deilt með sér upplýsingum á grundvelli samnings um samstarf í samkeppnismáli á milli norrænu samkeppniseftirlitanna frá árinu 2017.

III. Samruninn

16. Samruninn felst í því að Hampiðjan kaupir allt útgefið hlutafé í Holding Cage I AS í samræmi við kaupsamning, dags. 16. nóvember 2022, á milli Hampiðjunnar og núverandi hluthafa félagsins.
17. Mun Hampiðjan öðlast full yfirráð yfir Mørenot við samrunann. Kaupverðið verður að mestu greitt með hlutabréfum í Hampiðjuni, en seljendur munu fá afhenta tæplega 51 milljón hluti í

¹ Um var að ræða Ísfell, Egersund Ísland, Neptúnus, Netaverkstæði Suðurnesja, Pólar Toghlerar, Sónar og Toppnet.

² Um var að ræða Vísi, Einhamar Seafood, Loðnuvinnslan, Jakob Valgeir ehf., ÍS 47, Arctic Sea Farm, Háafell, Laxar Fiskeldi, Fiskeldi Austfjarða, Brim, Síldarvinnslan, Samherji Ísland, Hraðfrystihúsið Gunnvör, Vinnslustöðin og Ísfélag Vestmannaeyja.



Hampiðjuni og eignast 9,4% af hlutafé félagsins eftir hlutafjárhækkun sem nemur áðurnefndum hlutum.

Hampiðjan

18. Í samrunaskrá segir að Hampiðjan sé íslenskt hlutafélag sem framleiðir og selur margvíslegan búnað til fiskveiða, fiskeldis og annarrar starfsemi á sjó auk tengdrar starfsemi. Kemur fram að þar á meðal sé framleiðsla og sala á trollum, nótum og efnum, netum og köðlum til veiðarfæragerðar. Þá segir að Hampiðjan veiti, í gegnum dótturfélögin Hampiðjan Ísland ehf. og Voot Beitu ehf., fyrirtækjum margvíslega þjónustu svo sem viðhald veiðarfæra, vírastrekkingu, veiðarfæraskipti, geymslu, skoðun öryggisbúnaðar o.fl.
19. Jafnframt kemur fram að starfsemi félagsins felist þannig einkum sölu á búnaði til fiskveiða og tengdri þjónustu og að framleiðsla á netum og köðlum hafi þó ætíð verið skilgreind sem kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Eigi það sér rætur í sögu Hampiðjunnar því frá stofnun árið 1934 fram til níunda áratugarins hafi aðalstarfsemi félagsins framleiðsla á netum og köðlum.
20. Í samrunaskrá segir síðan að Hampiðjan reki verksmiðju í Litháen þar sem veiðarfæri og aðrar söluvörur séu framleiddar ásamt því sem félagið reki þar netaverkstæði sem starfar sem undirverktaki fyrir félög innan samstæðunnar. Vörurnar séu svo fluttar frá Litháen og notaðar í veiðarfæraframleiðslu dótturfélaga Hampiðjunnar víða um heim. Hampiðjan sé því móðurfélag samstæðu sem telur 30 fyrirtæki með starfsemi í 15 löndum í gegnum 46 starfsstöðvar í fimm heimsálfum. Hjá samstæðunni starfi 1.191 starfsmenn og þar af 86 á Íslandi.
21. Síðan segir að félagið hafi fengið hlutabréf sín tekin til viðskipta á First North, sem sé markaðstorg fjármálagerninga rekið af NASDAQ OMX Nordic Exchange. Þannig sé stefnt að því að hlutabréf Hampiðjunnar verði tekin til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq á Íslandi á árinu 2023.

Mørenot

22. Samkvæmt samrunaskrá hafi Mørenot verið stofnað árið 1948 á grunni fyrirtækja sem framleiddu línur og kaðla fyrir fiskveiðar. Meginstarfsemi félagsins felist í sölu á búnaði til fiskveiða og fiskeldis. Holding Cage I AS sé eignarhaldsfélag og haldi um hluti í móðurfélagi Mørenot samstæðunnar. Samstæðan sé með starfsemi í 30 starfsstöðvum víðs vegar um heiminn. Hjá samstæðunni starfi yfir 750 starfsmenn.
23. Starfsemi Mørenot hérlendis fari einkum fram í gegnum dótturfélagið Mørenot Ísland ehf. sem sé með starfsstöðvar í Skútuvogi. Felist starfsemi félagsins hérlendis í sölu á tilteknum vöruflokkum íhluta fyrir veiðarfæri, en félagið hafi ekki með höndum framleiðslu veiðarfæra hérlendis. Einnig þrói félagið og framleiði útbúnað til línuveiða, línubeitningarvélar og línuspil.

1. Markaðir málsins

24. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð



áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

25. Við skilgreiningu markaða í samrunamálum er m.a. unnt að hafa hliðsjón af fordæmum í innlendra lagaframkvæmd og í EES/ESB-samkeppnisrétti, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 277/2012, *Stjórnugrís hf. og Arion banki hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Hins vegar verður ávallt að meta hvort aðstæður á markaði séu hinar sömu og í eldra máli.³ Þá liggur fyrir í samkeppnisrétti að, eðli málsins samkvæmt, geta markaðsskilgreiningar í eldri málum ekki skapað fyrirtækjum lögmætar væntingar.⁴
26. Í samrunaskrá samrunaaðila í því máli sem hér er til skoðunar vegna kaupa Hampiðjunnar á Mørenot var upplýst um það mat eða áætlun samrunaaðila að samruninn myndi hafa lárétt áhrif og valda samþjöppun á markaði fyrir veiðarfæri og fylgihlutum til línuveiða þar sem aðilar áætluðu [...]⁵ sameiginlega markaðshlutdeild og [...]⁶ sameiginlega markaðshlutdeild á markaði fyrir togveiðar, ef miðað væri við landfræðilega markaðinn Ísland.
27. Af þeim sökum taldi Samkeppniseftirlitið m.a. nauðsynlegt að taka til nánari skoðunar í þessu máli hvernig ætti að skilgreina markaði málsins og beindist rannsóknin að miklu leyti að því álitaefni. Verður þá fjallað um vörumarkaði og landfræðilegan markað málsins.

1.1. Vöru- og þjónustumarkaður

28. Í umfjöllun um markaði málsins verða fyrst reifuð sjónarmið samrunaaðila um skilgreiningu bæði vörumarkaða og landfræðilegs markaðar, og þá næst verður fjallað um niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um markaðsskilgreiningar í málinu.

Sjónarmið samrunaaðila

29. Í samrunaskrá segir að samrunaaðilar hafi tekið undir sjónarmið Samkeppniseftirlitsins í fyrri ákvörðunum og hafi talið að rök mæli með því að sundurgreina markað málsins með þeim hætti sem lagt var til grundvallar í ákvörðun nr. 38/2017. Væri umfjöllun þeirra að þessu leyti til skipt í fjóra markaði.

³ Sjá t.d. dóm undirréttar ESB frá 22. mars 2000 í sameinuðum málum nr. T-125/97 og T-127/97, *The Coca Cola Company gegn framkvæmdastjórninni*, mgr. 81-82: „... a finding of a dominant position by the Commission, even if likely in practice to influence the policy and future commercial strategy of the undertaking concerned, does not have binding legal effects as referred to in the IBM judgment. Such a finding is the outcome of an analysis of the structure of the market and of competition prevailing at the time the Commission adopts each decision. The conduct which the undertaking held to be in a dominant position subsequently comes to adopt in order to prevent a possible infringement of Article 86 of the Treaty is thus shaped by the parameters which reflect the conditions of competition on the market at a given time.

Moreover, in the course of any decision applying Article 86 of the Treaty, the Commission must define the relevant market again and make a fresh analysis of the conditions of competition which will not necessarily be based on the same considerations as those underlying the previous finding of a dominant position.“

⁴ Sjá t.d. dóm undirréttar ESB frá 7. maí 2009 í máli nr. T-151/05, *NVV gegn framkvæmdastjórninni*, mgr. 136: „It should first be recalled that, according to case-law, although the Commission must give an account of its reasoning if a decision goes appreciably further than the previous decision-making practice (Case 73/74 *Groupement des fabricants de papiers peints de Belgique and Others v Commission* [1975] ECR 1491, paragraph 31), economic operators have no grounds for a legitimate expectation that a previous decision-making practice, that is capable of being varied when the Community institutions exercise their discretion, will be maintained (see *General Electric v Commission*, paragraph 53 above, paragraph 512, and the case-law cited therein). In particular, the applicants cannot have entertained such a legitimate expectation on the ground that the Commission had defined markets in a particular way in a previous decision, since the Commission – and, a fortiori, the Court – is not bound by the findings made in such a decision (see, to that effect, *General Electric v Commission*, paragraph 53 above, paragraph 514).“

⁵ Trúnaður

⁶ Trúnaður



30. Þannig telja samrunaaðilar að skipta megi markaði fyrir sölu á beitu, veiðarfærum og fylgihlutum til línuveiða í þrjá hluta; (a) tæki til línuveiða, s.s. línuspil og beitningavélar, (b) lína, taumar og önglar og (c) beita.
31. Að sögn samrunaaðila þurfi til línuveiða ýmsan búnað og hann sé mismunandi eftir stærð skipanna sem gera út á línu. Í sinni einföldustu mynd sé línuveiði á minnstu bátunum þar sem línan hafi verið hringuð niður í bala og beitt á hvern krók í landi. Balinn fari síðan um borð í bátinn og þegar á miðin sé komið þá sé línan lögð út og síðan dregin aftur um borð eftir marga tíma, oft allt að einum sólarhring. Næsta þrep þar fyrir ofan séu minni línubátar þar sem línan sé alltaf um borð og krókarnir á línunni hangi skipulega í rekka. Beitningin fari þannig fram að þegar línan sé lögð út þá sé hún dregin í gegnum trekt sem sé full af niðurskorinni beitu. Þetta sé frekar ómarkviss beitningaraðferð því nokkur hluti krókanna fari í gegnum beitukösina án þess að beita festist á króknum. Stærstu og fullkomnustu línubátarnir séu þannig með fullkomnar beitningavélar þar sem línan sé einnig á rekkum en vélin taki hvern krók og beiti honum sérstaklega um leið og línan sé lögð út. Þegar línan sé dregin þá sé hreinsað af hverjum krók sjálfvirkt og krókar réttir ef þeir hafi bagnað. Þá segja samrunaaðilar að lína sé annaðhvort seld sér eða tilbúin til notkunar með taumum og önglum. Beitan sem notuð sé á línuna sé síðan yfirleitt síld, makrill, smokkfiskur og svo kyrrahafstegundin sauri sem sé langur og mjór fiskur, ekki ósvipaður síld, sem henti vel til að skera niður í beitu.
32. Varðandi markaðinn fyrir sölu á og þjónustu við veiðarfæri til togveiða þá segja samrunaaðilar að hægt sé að skipta honum í tvennt eftir því hvort um sé að ræða veiðar með botntrolli eða flottrolli. Þannig séu í dag skip, sérstaklega stærri skip, orðin sérhæfðari en áður, enda lúti veiðar á botnfiski almennt öðrum lögmálum en veiðar á uppsjávarfiski.
33. Helsti munurinn á botnveiðiskipum og uppsjávarskipum séu nokkur atriði. Í fyrsta lagi sé stærð á dekki sem þurfi að vera langt og breitt á botnveiðiskipum því veiðarfæri með fiskinum er allt tekið um borð eftir hvert holl. Í öðru lagi dragi botnveiðiskip hægt á botninum meðan uppsjávarskip þurfi að draga hratt til að ná spretthörðum uppsjávarfiskum og séu uppsjávarskipin því með öflugri vélar. Í þriðja lagi séu stærri botnfiskskipin með vinnslusali (vinnsludekk) þar sem botnfiskurinn, ýsa, þorskur, ufsi, karfi og grálúða séu unninn sérstaklega meðan uppsjávarskipin dæli fiski úr veiðarfærinu um borð í stóra kælitanka. Í fjórða og síðasta lagi séu veiðarfærin ólík því í botntrollsveiðum séu tiltölulega stutt troll, 100-200 m löng, með þungum og stórum gúmmibobbingalengjum (e. *rockhopper*) og þéttriðnu neti, 50-200 mm möskvastærð, á meðan flottrollin séu alltaf notuð án botnsnertingar og séu með afar stórum möskvum fremst sem geti verið allt að 128 metrar á lengd og trollið sjálft 0,8-1,6 km langt.
34. Varðandi markaðinn fyrir sölu á og þjónustu við veiðarfæri til nótaveiða þá segja samrunaaðilar að nótaveiðar héraðs og erlendis séu einungis stundaðar af uppsjávarveiðiskipum því þau séu nær undantekningarlaust útbúin fyrir nætur. Nætturnar séu gríðarlega stórar og þungar og geti vegið þurrar um 60-80 tonn. Algengt rúmmál þeirra í geymslu jafnist á við þrjá til fjóra 40 feta gáma. Nótamarkaðurinn sé afar misjafn og fari það allt eftir hvað veiðist af loðnu og síld hér við Ísland. Þannig hafi verið lítil veiði hér í mörg ár og það liðu fjöldamörg ár milli þess að ný nót væri seld hér á landi. Yfirleitt séu hlutar nótanna framleiddir erlendis og fluttir hingað heim til samsetningar. Í Noregi séu nætur að jafnaði minni en hér á Íslandi og þar sé einnig veiddur makrill að næturlagi. Danir og Færeyingar séu með álíka stórar nætur og hér á landi. Nótaveiði tíðkist einnig á Spáni, Portúgal, Frakklandi en ekkert á Bretlandseyjum, Írlandi eða Kanada.
35. Varðandi markaðinn fyrir sölu á og þjónustu við sjókvíar þá segja samrunaaðilar að um sé að ræða viðskipti með fiskeldiskvíar og flothringi. Reyndar sé margt fleira sem komi til skoðunar á þessum markaði, t.d. töluvert þarf af vélbúnaði fyrir fiskeldið til viðbótar við net og flothringi. En



Í þessu máli sé meginviðfangsefnið viðskipti með fiskeldiskvíar og flothringi þar sem samrunaaðilar stundi viðskipti með slíkt.

Sjónarmið umsagnaraðila

36. Við upplýsingaöflun til viðskiptavina og keppinauta voru almennt ekki gerðar sérstakar athugasemdir af hálfu þeirra við skilgreiningu markaða. Þó voru ákveðnar fyrirvarar gerðir í þeim efnum.
37. Þannig kom fram frá nánast öllum viðskiptavinum að nálægð þjónustu væri þeim mikilvæg. Þannig kom fram af hálfu eins viðskiptavinar að mikilvægi nálægðar þjónustu fyrir viðskiptavini væri veruleg á mörkuðum fyrir veiðarfæri og jafnvel nauðsynleg. Slíkt væri til þess fallið að lágmarka fjarveru frá veiðum, spara olíu og lágmarka kostnað. Frá einum viðskiptavini var tekið fram að það væri þýðingarmikið að hafa þjónusta og lager nálægt starfsemi þeirra, en um vörukaup væri það veigaminna. Þá kom fram af hálfu eins keppinautar að vegna þessa náinna tengsla um þjónustu væru alþjóðleg vörukaup tregari.
38. Þá gerði einn keppinautur þá athugasemd að fyrir hendi væri einn markaður í viðbót sem væri framleiðsla á hrávöru til veiðarfæragerðar. Sömuleiðis gerði einn keppinautur þá athugasemd að skipta mætti togveiðum í botntroll og flottroll.

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins

39. Í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins, svo sem í ákvörðun nr. 38/2017 *Samruni Hampiðjunnar hf. og VOOT BEITU ehf.*⁷, hefur verið talið að hafa mætti til hliðsjónar eftirfarandi skilgreiningu á vöru- og þjónustumörkuðum:
 - a) Markaður fyrir sölu á beitu, veiðarfærum og fylgihlutum til línuveiða
 - b) Markaður fyrir sölu á og þjónustu við veiðarfæri til togveiða
 - c) Markaður fyrir sölu á og þjónustu við veiðarfæri til nótnaveiða
 - d) Markaður fyrir sölu á og þjónustu við sjókvíar
40. Í því máli töldu samrunaaðilar að framangreindir markaðir næðu að minnsta kosti til strandríkja Norður-Atlantshaf. Samkeppniseftirlitið hafði framangreint til hliðsjónar í téðri ákvörðun, en þó var það tekið fram að athugasemdir frá hagaðilum í framangreindu máli bentu fremur til þess að markaðir væru frekar landsbundnir en alþjóðlegir. Einnig tók Samkeppniseftirlitið fram að vísbendingar væru um að sala á beitu tilheyrði sérstökum markaði.
41. Af svörum keppinauta við upplýsingaöflun Samkeppniseftirlitsins má sjá að tveir af þeim eru einungis í samkeppni við samrunaaðila um toghlera. Sömuleiðis má sjá í samrunaskrá að Hampiðjan skiptir félaginu sjálfu í fimm kjarnamarkaði og eru toghlerar þar sérstakur kjarnamarkaður. Þá hefur einum keppinaut gengið sérlega vel að undanförunu, sem rekja má til mikilla tækninýjunga, og er því ljóslega töluverð nýsköpun í gerjun á þessu sviði. Allt framangreint telur eftirlitið benda til sérstaks vörumarkaðs, en þó er ekki þörf á því í þessu máli að skera úr um það.
42. Jafnframt eru sterkar vísbendingar um að togveiðar séu tveir aðskildir markaðir; þ.e. veiðar með botntrolli og veiðar með flottrolli. Þannig eru skip útfærð með mismunandi hætti eftir því hvers

⁷ Sjá einnig ákvarðanir nr. 2/2013 *Samruni Ísfells ehf. og Dímon Línu ehf.* og ákvörðun nr. 16/2016 *Samruni Hampiðjunnar hf. og P / F Vonar.*



lags troll er verið að nota sem og veiðarfærin eru töluvert ólík í uppbyggingu. Slíkt bendir til sérstaks vörumarkaðs, án þess þó að afstaða sé tekin til þess í þessu máli.

43. Varðandi markað fyrir sölu á og þjónustu við sjókvíar þá er sá markaður í þessu máli bundinn í öllum meginatriðum við viðskipti með fiskeldiskvíar og flothringi, og önnur atriði sem geta fallið þar undir, t.d. vélbúnaður og eftirlitstæki, ekki tekin til sérstakrar skoðunar.
44. Einnig má sjá af svörum til Samkeppniseftirlitsins að mikilvægi nálægðar starfstöðva við viðskiptavina sé verulegt. Samhljómur er í svörunum um að það sé fyrst og fremst vegna þjónustu en minna vegna vörukaupa. Af þeim sökum mætti rökstyðja að þjónusta sé eitt en vörukaup annað, þó það sé ekki gert í þessu máli.
45. Þá tekur Samkeppniseftirlitið undir það að samrunaaðilar eru starfandi á einum markaði í viðbót sem er framleiðsla á hrávöru til veiðarfæragerðar. Slík starfsemi samrunaaðila er bundin við erlendar starfstöðvar að miklu leyti til og er alþjóðleg í eðli sínu. Ekki er talin sérstök þörf á því í þessu máli að taka hann til nánari skoðunar.
46. Í ljósi fyrirbyggjandi gagna, upplýsinga frá samrunaaðilum, og þeirra umsagna og sjónarmiða sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað við rannsókn málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að áfram séu vísbendingar um að vöru- og þjónustumarkaðir málsins séu bundnir við þá fjóra markaði sem áður hafa verið skilgreindir, sbr. þó framangreint:
 - a) Markaður fyrir sölu á beitu, veiðarfærum og fylgihlutum til línuveiða
 - b) Markaður fyrir sölu á og þjónustu við veiðarfæri til togveiða
 - c) Markaður fyrir sölu á og þjónustu við veiðarfæri til nótnaveiða
 - d) Markaður fyrir sölu á og þjónustu við sjókvíar
47. Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið þó ekki nauðsynlegt að taka afstöðu til endanlegrar skilgreiningar á þeim mörkuðum í máli þessu.

1.2. Landfræðilegur markaður

48. Hér að framan hafa verið skilgreindir þeir vörumarkaðir þar sem samrunaaðilar starfa og áhrifa samrunans gætir. Þarf þá einnig að skilgreina og fjalla stuttlega um landfræðilegan markað málsins. Til landfræðilegs markaðar telst svæðið þar sem viðkomandi fyrirtæki eru viðriðin framboð eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum.

Sjónarmið samrunaaðila

49. Samrunaaðilar vísa til að byrja með til áðurgreindrar ákvörðunar nr. 38/2017 þar sem Samkeppniseftirlitið sagði að hafa mætti til hliðsjónar mat samrunaaðila á landfræðilegu mörkuðum málsins, sem voru strandríki Norður - Atlantshaf.
50. Þá segir í samrunaskrá að viðskiptavinir þeirra séu fyrst og fremst við veiðar á Norður-Atlantshafi enda sé þar mikil útgerð auk þess sem samrunaaðilar framleiða vörur sem henti vel fyrir veiðar á Norður-Atlantshafi. Bæði Hampiðjan og Mørenot séu alþjóðleg félög sem hafa komið sér upp neti sölufélaga fyrir veiðarfæri og selji þau um heim allan. Þá kemur fram að



félögin reki annað hvort eða hvort fyrir sig söluskrifstofur í öðrum heimsálfum, s.s. Norður-Ameríku og Eyjaálfu.

51. Jafnframt telja samrunaaðilar að hér þurfi að hafa í huga alþjóðlegt eðli útgerðarfélag, sem myndi saman helsta viðskiptavinahóp samrunaaðila. Ekki sé óalgengt að útgerðarfélög geri út á mið í fleiri en einu ríki eða hafi aflað sér veiðiréttinda langt utan heimalands síns. Alla jafna sæki fiskiskip sér aðföng, kost, olíu og veiðarfæri í þeim höfnum þar sem helst henti. Sé þar meðal annars litið til verðs og gæða. Taka samrunaaðilar fram að þannig sæki stundum skip erlendra útgerða veiðarfæri í íslenskar hafnir sem séu jafnvel aldrei notuð innan Evrópu. Einnig segir að þjónusta við útgerðir skipti ekki síður máli en sala á nýjum útbúnaði þar sem sinna þurfi einhverju viðhaldi og lagfæringum á veiðibúnaði. Þá sé til þess að líta að markaðir fyrir sölu á sjávarafurðum séu alþjóðlegir og sigli fiskveiðiskip stundum með aflann þangað sem hann sé seldur.
52. Í samrunaskrá segir að veiðarfæri séu einnig flutt með fragt til annarra landa til afhendingar þar. Sé því auðvelt að flytja veiðarfæri á milli landa þar sem þau þoli vel flutning, bleytu og mikið hnjask. Skipti því ekki máli hvar veiðarfæri séu afhent að mati samrunaaðila.
53. Af framangreindu leiðir að eðlilegt sé að líta á markaði málsins sem alþjóðlega markaði. Vegna þess umhverfis sem alþjóðlegir milliríkjasamningar um viðskipti búi samrunaaðilum mætti mögulega hugsa sér að sá markaður sé takmarkaður við Evrópu þó að eðlilegast sé að mati samrunaaðila að líta svo á sem heimurinn allur sé eitt markaðssvæði enda gildi það viðsemjendur samrunaaðila einu hvaðan þeir kaupa sínar vörur og takmarkist sölustarf samrunaaðila ekki við eina heimsálfu. Þannig væri það mat samrunaaðila að allir markaðir málsins næðu a.m.k. til strandríkja við Norður-Atlantshaf.

Sjónarmið umsagnaraðila

54. Við upplýsingaöflun til viðskiptavina og keppinauta voru almennt ekki gerðar sérstakar athugasemdir af hálfu þeirra við skilgreiningu markaða, með svipuðum hætti og við vöru- og þjónustumarkaði. Þó voru ákveðnar undantekninga og fyrirvarar gerðir í þeim efnum.
55. Einn viðskiptavinur hélt því fram að landfræðilegur markaður væri Ísland allt. Þá kom fram af hálfu eins keppinautar að almennt séð væri markaður fyrir þjónustu við veiðarfæri mjög staðbundinn en að einhverju leyti alþjóðlegur með vöru.
56. Að sama skapi er rétt að endurtaka hér nánast samhljóða athugasemdir keppinauta og viðskiptavina um mikilvægi nálægðar þjónustu, eins og greint var hér frá að framan. Kom m.a. fram af hálfu eins viðskiptavinar að mikilvægt væri að fá vörur afhentar beint til notkunar. Kom m.a. fram að mikilvægi nálægðar væri veruleg á mörkuðum fyrir veiðarfæri og jafnvel nauðsynleg, sem gæti verið til þess fallið að lækka kostnað.

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins

57. Samkeppniseftirlitið tekur undir með samrunaaðilum að í fyrri ákvörðunum eftirlitsins hafa málavextir verið með þeim hætti að ekki var talin þörf á nánari greiningu landfræðilegra markaða. Einnig tekur Samkeppniseftirlitið undir það sjónarmið að á mörkuðum málsins eru fyrir hendi alþjóðlegir kraftar, upp að vissu marki, bæði vegna eðlis starfsemi viðskiptavina þeirra en einnig vegna framleiðsluhátta.
58. Í þessu máli var landfræðileg afmörkun tekin til sérstakrar skoðunar vegna vísbendinga um töluverða samþjöppun hér á landi. Þá liggur það fyrir að markaðsskilgreiningar í eldri málum



skapa ekki fyrirtækjum lögmætar væntingar, ef gögn og upplýsingar benda til annars í yfirstandandi máli.

59. Í svörum við upplýsingabeidni Samkeppniseftirlitsins kom það skýrt fram að mikilvægi nálægðar þjónustu fyrir viðskiptavini er veruleg á mörkuðum fyrir veiðarfæri og jafnvel nauðsynleg. Ítrekað kom fram að þýðingarmikið væri að hafa slíka þjónustu nálægt starfsemi þeirra, en einnig kom fram að um vörukaup væri það veigaminna. Slík nálægð væri til þess fallið að lágmarka kostnað. Einnig komu fram sjónarmið um að vegna mikilvægi nálægðar þjónustu væru alþjóðleg vörukaup tregari. Þá kom fram af hálfu eins keppinautar að almennt séð væri markaður fyrir veiðarfæri mjög staðbundinn en að einhverju leyti alþjóðlegur með vöru.
60. Í svörum viðskiptavina á mörkuðum fyrir veiðarfæri, um hlutfall erlendra og innlendra viðskipta þeirra, kom í ljós að erlend viðskipti eru annað hvort engin eða minniháttar. Hæsta erlenda hlutfallið sem gefið var upp var 69% innlent en 31% erlent. Oftast var þetta alfarið innlent eða á bilinu 80-90% innlent.
61. Virðast því vera vísbendingar um að landfræðilegir markaðir fyrir veiðarfæri eins og þeir eru skilgreindir í máli þessu séu almennt landsbundnir eða jafnvel staðbundnir, fremur en alþjóðlegir. Einnig má benda á í þessu sambandi að erlendir keppinautar Hampiðjunnar, svo sem Egersund, Mustad og Mørenot, hafa komið sér upp aðstöðu og starfstöðvum hér á landi. Slíkar vísbendingar breyta því þó ekki að alþjóðlegt samkeppnislegt aðhald er fyrir hendi á þessum mörkuðum, sérstaklega varðandi vörukaup, sem ber að taka tillit til þegar samkeppnisleg áhrif samrunans eru metin.
62. Þessu var síðan öfugt farið á markaði fyrir sölu á og þjónustu við sjókvíar, en þar var hlutfallið almennt 80-90% erlent.
63. Er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins í þessu máli að miðað við fyrirliggjandi upplýsingar og gögn afmarkist landfræðilegir markaðir málsins sennilega við Ísland, nema fyrir sölu á og þjónustu við sjókvíar, sem virðist afmarkast við stærra svæði og vera eftir atvikum sennilega bundinn við strandríki Norður-Atlantshafs. Telur Samkeppniseftirlitið þó ekki nauðsynlegt að taka afstöðu til endanlegrar skilgreiningar á landfræðilegri afmörkun markaða málsins þar sem það hefði ekki áhrif á niðurstöðu málsins.

2. Samkeppnisleg áhrif samrunans

64. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti eins og áður sagði, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Sjónarmið samrunaaðila

65. Samrunaaðilar telja að á skilgreindum mörkuðum fyrir veiðarfæri hafi þeir á bilinu [...] ⁸ markaðshlutdeild, sem miðast þá við alþjóðlega afmörkun. Ef einungis sé miðað við markað fyrir línuveiðar og markað fyrir togveiðar á Íslandi þá telja samrunaaðilar að þeir hafi hlutdeild á bilinu

⁸ Trúnaður



[...]⁹. Á markaði fyrir nóttaveiðar þá telja samrunaaðilar að markaðshlutdeild þeirra verði [...]¹⁰ hér á landi. Á markaði fyrir sjókvíar sem miðast við alþjóðleg landamæri telja samrunaaðilar að markaðshlutdeild sé [...]¹¹ en töluvert minni og skrykkjótt ef miðað er við Ísland einungis. Telja þeir að engin lagaleg rök séu fyrir íhlutun í þessu máli.

66. *Sjónarmið umsagnaraðila*

67. Við upplýsingaöflun á meðal viðskiptavina voru ekki gerðar sérstakar eða alvarlegar athugasemdir um samkeppnisleg áhrif samrunans. Einn viðskiptavinur vísaði þó til þess að samkeppni væri best tryggð með fjölmönnum markaði og að virk samkeppni væri alltaf besti kosturinn.

68. Við upplýsingaöflun á meðal keppinauta voru almennt ekki gerðar alvarlegar sérstakar athugasemdir um samkeppnisleg áhrif. Einn keppinautur benti þó með almennum hætti að Hampiðjan yrði í markaðsráðandi stöðu en benti sömuleiðis að samkeppnisleg áhrif væru meiri erlendis. Annar keppinautur lýsti því að samruninn gæti gefið fyrirtækjunum töluvert meiri styrk á markaði gagnvart birgjum ásamt öfluglu þjónustuneti sem takmarkaði inngöngu annarra á markaðinn. Þriðji keppinautur lýsti því að samkeppni yrði minni.

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins

69. Um er ræða samruna tveggja alþjóðlegra fyrirtækja sem starfa m.a. á markaði fyrir veiðarfæri og sjókvíar. Samanlögð velta þessara fyrirtækja verður umtalsverð eftir samrunann. Velta Hampiðjunnar var tæplega 26 ma.kr. fyrir árið 2021 en velta Mørenot var tæplega [...]¹² ma.kr. Ljóst er að með samrunanum mun velta Hampiðjunnar aukast um 75%.¹³

70. Jafnframt liggur fyrir að umsvif þeirra og starfsstöðvar eru með mismunandi hætti. Tekjur Hampiðjunnar stafa frá frekar dreifðum hópi af löndum á meðan tekjur Mørenot eru mest megnis bundnar við Noreg. Ljóst er því að áhrif samrunans eru mest þar í landi.

71. Velta Hampiðjunnar á Íslandi fyrir árið 2021 var rúmlega [...]¹⁴ ma.kr. en velta Mørenot á Íslandi var [...] m.kr. Ef dregið er frá tekjum Mørenot þær tekjur sem stafa frá tengdum aðilum, er velta Mørenot af veltu Hampiðjunnar á Íslandi því einungis [...]. Eru því umsvif Mørenot á Íslandi takmörkuð.

72. Á markaði fyrir sölu á veiðarfærum og fylgihlutum til línuveiða eru vísbendingar um sterka stöðu samrunaaðila eftir samrunann, sem fyrst og fremst má rekja til sterkrar stöðu Mørenot fyrir samrunann. Uppgefin markaðshlutdeild samrunaaðila fyrir árið 2021 var [...]%, þar af markaðshlutdeild Hampiðjunnar [...]¹⁵. Aðrir keppinautar á þessum markaði eru helst Ísfell og Mustad Ísland. Jafnframt ber að líta til þess að helstu keppinautar samrunaaðila hafa eignartengsl við sterka erlenda keppinauta. Annað alþjóðlegt samkeppnislegt aðhald virðist þó vera ekkert eða mjög lítið á þessu markaði.

73. Sama á við um markað fyrir sölu á og þjónustu við veiðarfæri til togveiða. Uppgefin markaðshlutdeild samrunaaðila fyrir árið 2021 var [...]¹⁶, þar af markaðshlutdeild Mørenot [...]¹⁷.

⁹ Trúnaður

¹⁰ Trúnaður

¹¹ Trúnaður

¹² Trúnaður

¹³ Sjá bls. 20 í Viðskiptablaðinu 16. árgangur 2022/2023 (áramóta útgáfa).

¹⁴ Trúnaður

¹⁵ Trúnaður

¹⁶ Trúnaður

¹⁷ Trúnaður



Aðrir keppinautar á þessum markaði af hálfu annarra keppinauta og viðskiptavina eru m.a. nefndir Ísfell, Egersund Ísland og Veifarfarþjónustan. Þá nefndu margir Bridon International og Fishing Service sem erlendir birgjar. Sömuleiðis ber að líta til þess að helstu keppinautar samrunaaðila hafa eignartengsl við sterka erlenda keppinauta. Þá virðist af svörum viðskiptavina sem að fyrir hendi sé alþjóðlegt samkeppnislegt aðhald varðandi vörukaup á þessum markaði.

74. Í máli þessu liggur fyrir að engin samþjöppun verður á markaði fyrir beitu, enda engin skörun í starfsemi aðila á því sviði þar sem Mørenot stundar ekki viðskipti með slíka vöru. Staðan á markaði fyrir sölu á og þjónustu við veiðarfæri til nótaveiða er sambærileg en uppgefin markaðshlutdeild samrunaaðila fyrir árið 2021 var um [...]. Aðrir keppinautar á þessum markaði af hálfu annarra keppinauta og viðskiptavina eru m.a. nefndir Ísfell og Egersund Ísland. Þá nefndu margir viðskiptavinir Bridon International sem erlendan birgi. Þá virðist alþjóðlegt samkeppnislegt aðhald á þessum tiltekna markaði vera verulegt og benda bæði upplýsingar frá samrunaaðilum og viðskiptavinum til slíks.
75. Á markaði fyrir þjónustu og sölu við sjókvíar liggur fyrir að viðskiptavinir eiga veruleg viðskipti við erlenda aðila. Af gögnum sem samrunaaðilar hafa lagt fram má sjá að áhrif samrunans hér á landi eru óveruleg. Það rímar við upplýsingar frá viðskiptavinum. Þó er ljóst að samrunaaðilar munu njóta sterkrar stöðu á þessum alþjóðlega markaði eftir samrunann.
76. Í gögnum samrunaaðila kom fram að í einstökum vöruflokkum á þessum mörkuðum sé veruleg skörun í starfsemi samrunaaðila. Helstu vörur af þessu tagi voru toghlerar, flot og gúmmibobbingalengjur (e. rockhopper). Í því ljósi telur Samkeppniseftirlitið að samrunaaðilar þurfi að hafa sérstakar gætur á markaðsstöðu sinni og samkeppnishegðun þegar kemur að slíkum vörutegundum, þá sérstaklega toghlerum. Sérhæfðir eiginleikar tiltekinna veiðarfæra og tækja, sem og áframhaldandi rannsókn og þróun á þessu sviði, kann að leiða til minni staðgöngu milli ólíkra veiðarfærattegunda og þar með mögulegri þrengri markaðsskilgreininga með tilheyrandi áhrifum á markaðsstyrk viðkomandi fyrirtækja og skyldur fyrirtækja sem mögulega kunna að teljast markaðsráðandi.
77. Samkeppniseftirlitið telur að almennt séu aðgangshindranir fyrir hendi á skilgreindum mörkuðum málsins. Fær það m.a. stoð í athugasemdum sem komu fram af hálfu keppinauta í svörum þeirra við upplýsingabeidni eftirlitsins. Þannig þarf verulega sérfræðipækkingu og stofnkostnað til að hefja rekstur á veiðarfæramörkuðum svo að stofnist til raunverulegs samkeppnislegs aðhalds úr hendi nýs og burðugs keppinauta, sérstaklega þegar haft er í huga þjónusta og viðskipti við stærri viðskiptavini í sjávarútvegi enda kröfur þar miklar. Þá er ljóst að samþjöppun hefur átt sér stað á þeim mörkuðum sem viðskiptavinir hafa starfsemi undanfarin misseri. Þær upplýsingar sem liggja fyrir í málinu benda því til þess að örðugra sé um vik að afla einstakra viðskipta að töluverðu umfangi eða magni.
78. Nýsköpun og þróun er síðan stór þáttur í rekstrarumhverfi framleiðenda og seljenda veiðarfæra, sem m.a. má sjá í því að Hampiðjan hefur yfir að ráða þrjátíu skráðum einkaleyfum. Þannig virðist þurfa töluverða fjárfestingu og tíma til þess að rannsaka og þróa tegundir eða útfærslur veiðarfæra sem eru samkeppnishæfar við nýjustu kynslóðir tiltekinna veiðarfærattegunda, í hugum kröfuharðra viðskiptavina líkt og sjávarútvegsfyrirtækja. Sömuleiðis torveldar það innkomu og minnkar líkur á nýjum keppinautum að vel flestir mikilvægustu keppinautar samrunaaðila hér á landi hafa eignartengsl við erlend félög eða hafa beinlínis starfstöðvar hér á landi. Má hér helst nefna Ísfell, sem er í meirihlutaeigu Selstad, Egersund Ísland og Mustad Autoline.



79. Einnig er vert að benda á í þessu samhengi að samrunaaðilar líta á sjálfa sig sem stóran aðila á þessum markaði og lóðrétt sambætt fyrirtæki með sterka stöðu. Þannig kemur fram í viðtali við forstjóra Hampiðjunnar í Viðskiptablaðinu frá desember 2022 að óhætt sé að fullyrða að félagið sé eitt stærsta veiðarfyrirtæki heimsins.¹⁸ Í sama viðtali kemur einnig fram að ekkert fyrirtæki hafi þá lóðréttu sambættingu sem það búi yfir. Þannig fái fyrirtækið framlegð úr hverju framleiðsluþrepi fyrir sig. Í samrunaskrá segir síðan félagið eigi stóra og tæknilega fullkoma framleiðslueining í Litháen sem framleiðir veiðarfæraefni, net og kaðla, sem hentar Mørenot og sem mun stækka og styrkja virðisdeðjuna.
80. Þá skiptir máli í samrunamatinu við mat á áhrifum samrunans héraendis hver sé viðskiptamannahópur samrunaaðila og kaupendastyrkur hans. Er ekki um að ræða neytendamarkaði heldur eru viðskiptavinir samrunaaðila héraendis íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Þótt sjávarútvegur sé háður ytri atvikum eins og stöðu fiskistofna og úthlutun aflamarks verður að líta til efnahagslegs styrkleika og kaupendastyrks íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Þannig hefur jákvæð afkoma og eigið fé þeirra aukist töluvert undanfarin ár og nam bókfært eigið fé íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja samtals 353 milljörðum króna árið 2021.¹⁹ Samþjöppun hefur átt sér stað í sjávarútvegi undanfarin ár og verður að telja að kaupendur veiðarfæra í verulegu magni séu tiltölulega fáir og öflugir héraendis ólíkt því sem einkennir aðra hefðbundnari samkeppnismarkaði líkt og neytendamarkaði. Hefur slíkur kaupendastyrkur sem og efnahagslegur styrkleika fyrirtækjanna áhrif til móts við væntanlegan styrkleika hins sameinaða fyrirtækis samrunaaðila. Þá gætir einnig samkeppnislegs aðhalds erlendis frá, líkt og áður sagði, þótt markaðir málsins séu sennilega staðbundnir eða landsbundnir, að frátöldum markaði fyrir sjókvár. Í ljósi alls framangreinds taldi Samkeppniseftirlitið ekki þörf fyrir frekari rannsókn á áhrifum samrunans og lauk því rannsókninni á fyrsta fasa þann 18. janúar sl.
81. Samandregið er það mat eftirlitsins að fyrirliggjandi gögn og þær upplýsingar sem aflað hefur verið gefi til kynna að samkeppnisaðstæður og áhrif samrunans séu ekki með þeim hætti að tilefni sé til íhlutunar vegna viðskiptanna. Eins og rakið er hér að framan virðast áhrif samrunans óveruleg hér á landi. Þó verði staða samrunaaðila sterk eftir samrunann á tilteknum skilgreindum mörkuðum og í afmörkuðum tegundum veiðarfæra sem gefi vísbendingu um að möguleg frekari samþjöppun á veiðarfæramörkuðum kunni að verða tilefni ítarlegrar skoðunar að hálfu samkeppnisyfirlitvalda.

IV. Ákvörðunarorð:

„Samruni Hampiðjunnar og Mørenot, með kaupum Hampiðjunnar hf. á öllu hlutafé í Holding Cage I AS, felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

¹⁸ Sjá bls. 36 í Viðskiptablaðinu 16. árgangur 2022/2023 (áramóta útgáfa).

¹⁹ Gagnagrunnur Deloitte, Afkoma sjávarútvegsins 2021, Jónas Gestur, 25. október 2022